**Skatturinn**

# Skilagjaldsskýrsla

**Skýrsla um skilagjald og umsýsluþóknun á drykkjarvörur í einnota umbúðum**

| Viðtakendur | |
|---|---|
| Skatturinn<br>Katrínartúni 6<br>105 Reykjavík<br>skilagjald@skatturinn.is | Endurvinnslan hf.<br>Knarravogi 4<br>104 Reykjavík |

**Uppgjörstímabil**

| Mánuðir | Ár | Gjalddagi |
|---|---|---|
| | | |

## I Rekstraraðili

| Nafn rekstraraðila | Kennitala |
|---|---|
| | |

**Um gjaldið:**
Skilagjald kr. 20,73 án vsk, leggst á allar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr áli, stáli, gleri og plastefni sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og flokkast undir vöruliði 2009, 2201, 2202, 2203, 2204, 2205, 2206 eða 2208 í tollskrá. Til viðbótar leggst umsýsluþóknun á hverja umbúðareiningu úr stáli, áli, gleri og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 7 kr. á umbúðir úr stáli, 0,60 kr. á umbúðir úr áli, 15 kr. á umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 12 kr. á umbúðir úr gleri 500 ml og minni, 5,50 kr. á umbúðir úr lituðu plastefni, 3 kr. á umbúðir úr ólituðu plastefni og 2,5 kr. á umbúðir úr ólituðu plastefni sem er a.m.k. 35% endurunnið. Gjald leggst ekki á drykkjarvörur sem seldar eru úr landi. Skýrsla þessi er þannig uppbyggð að umsýsluþóknun reiknast með skilagjaldinu, sé um hana að ræða.

## II Skilagjald

| Tegund | Fjöldi | Fjárhæð | Alls |
|---|---|---|---|
| 1. Ál - umbúðir úr áli | | 21,33 | 0 |
| 2. Stál - umbúðir | | 27,73 | 0 |
| 3. Stærra gler - umbúðir úr gleri stærri en 500 ml | | 35,73 | 0 |
| 4. Minna gler - umbúðir úr gleri 500 ml eða minni | | 32,73 | 0 |
| 5. Litað plast - umbúðir úr lituðu plastefni | | 26,23 | 0 |
| 6. Ólitað plast - umbúðir úr ólituðu plastefni | | 23,73 | 0 |
| 7. Ólitað plast - umbúðir úr ólituðu plastefni a.m.k. 35% endurunnið | | 23,23 | 0 |
| | | **Skilagjald samtals** | 0 |
| | | **Álag vegna vangreiðslu** | |
| | | **Greitt alls** | 0 |

**Leggja skal upphæðina inn á bankareikning Ríkisskattstjóra:**

| Banki | Hb. | Reikningur | Kennitala |
|---|---|---|---|
| 0101 | 26 | 85002 | 540269-6029 |

**Uppgjörstímabil og gjalddagar:**
Hvert uppgjörstímabil vegna gjaldskyldrar framleiðslu eða átöppunar innanlands er tveir mánuðir; janúar og febrúar, mars og apríl, o.s.frv. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess vegna sölu eða afhendingar og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram. Gjaldskyldum aðila ber ótilkvöddum að greiða skilagjald og umsýsluþóknun til Skattsins í síðasta lagi á gjalddaga. Jafnframt skal framvísa skilagjaldsskýrslu.

**Álag:**
Eftir gjalddaga reiknast álag til viðbótar við vangreitt skilagjald og umsýsluþóknun. Álag er 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%. Á skýrslunni er gefinn kostur á að standa skil á álagi vegna vangreiðslu um leið og staðin eru skil á gjald fjárhæð tímabilsins, í stað þess að beðið sé eftir eftiráinnheimtu álagsins.

**Dráttarvextir:**
Ef skilagjald og umsýsluþóknun er ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti skv. vaxtalögum af því sem gjaldfallið er.

## III Undirskrift

Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og að hún er í samræmi við fyrirliggjandi gögn og lög og reglur um skilagjald.
**Sending úr tölvupósti merktum fyrirtæki gjaldanda telst nægjanleg undirskrift.**

| Dagsetning | Undirskrift |
|---|---|
| | |

**TS-101-8**